# Dr. Helga Ingimundardóttir

Ph.D. í reikniverkfræði
Lektor · Iðnaðarverkfræði- vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild · Háskóli Íslands

helgaingim@hi.is · +354 865 1341 · Starfsmannasíða HÍ · IRIS rannsóknagátt · 0000-0002-2780-3546 · @tungufoss · helgaingimundardottir

## AKADEMÍSK STAÐA

**2024–** **Félagi í Kennsluakademíu opinberra háskóla**
Kennsluakademía opinberra háskóla · Reykjavík
Viðurkenning fyrir framúrskarandi kennslu og nýsköpun í háskólakennslu.
Viðurkenningin byggir á langvarandi vinnu með virkri kennslu: vendikennslu, verkefnadrifnu námsmati og námskrá í samstarfi við atvinnulífið sem tengir nemendur við raunveruleg verkfræðileg vandamál.

**2023–** **Lektor**
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, Háskóli Íslands · Reykjavík
Kenni viðskiptagreind, stakræna hermun, aðgerðagreiningu og upplýsingatækni — með raunverulegum gögnum frá íslenskum fyrirtækjum.
Áhersla mín er að tengja fræðilega þekkingu við hagnýta færni, með raunverulegum gögnum í samstarfi við íslensk fyrirtæki. Nemendur fá þau verkfæri og þá innsýn sem þarf til að standa sig í iðnaði.

**2023** **Nýdoktor**
Iðnaðarverkfræðideild, Háskóli Íslands · Reykjavík
Í rannsóknateymi IDeLM (Intelligent Decision Learning Models), styrkt af Rannsóknasjóði.
IDeLM-verkefnið þróar greind ákvarðanamódel með vélrænu námi og gagnagreiningu, með það að markmiði að bæta ákvarðanatöku á ýmsum sviðum. Ábyrgð mín fól í sér rannsóknir, gagnagreiningu, þróun vélnámsmódela og samstarf innan teymisins.

## MENNTUN

**2009–2016** **Ph.D. í reikniverkfræði**
Háskóli Íslands · Reykjavík
Ofurleitni (hyperheuristics) fyrir verkniðurröðun, undir leiðsögn prófessors Tómasar Philips Rúnarssonar.
Sjálfvirknivæðing verkniðurröðunar (Job Shop Scheduling) með raðgreindri aðfallsgreiningu (ordinal regression), auk greiningar á „erfiðleikastigi verkefna“ og „fótsporum reiknirita í verkefnarúmi“. Doktorsstyrkur frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. **Ritgerð:** *ALICE: Analysis & Learning Iterative Consecutive Executions* — http://hdl.handle.net/1946/25337

**2010–2012** **Diplóma í háskólakennslufræði**
Menntavísindasvið, Háskóli Íslands · Reykjavík
30 ECTS nám í háskólakennslufræði — einn af fyrstu þátttakendum árið 2010.
Nám undir stjórn prófessors Guðrúnar Geirsdóttur, sérsniðið að akademísku starfsfólki og doktorsnemum sem kenna við Háskóla Íslands. Þrjár námskeiðaraðir um háskólakennslu, námskeiðahönnun og námsmat, og starfendarannsóknir. Lokaverkefnið varð að styrkumsókn sem fékk úthlutun úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands.

**2008–2010** **M.Sc. í reikniverkfræði**
Háskóli Íslands · Reykjavík
Bylgjuliðun (wavelets) til að greina útfellingu í varmaskiptum, í samstarfi við Université de Valenciennes.
Rannsóknir með prófessor Sylvain Lalot við Université de Valenciennes et du Hainaut-Cambrésis í Frakklandi (nú Université Polytechnique Hauts-de-France). Skoðað hvort bylgjuliðun gæti greint útfellingu í þverstraums varmaskiptum út frá mælingum við venjulegan rekstur. Styrkur frá franska sendiráðinu á Íslandi til námsins í Frakklandi. **Ritgerð:** *Detection of Fouling: Effectiveness Ratio Method* — http://hdl.handle.net/1946/4445

**2005–2008** **B.Sc. í stærðfræði**
Háskóli Íslands · Reykjavík
Kjörsvið í tölvunarfræði.

## STARFSREYNSLA

**2022–2023** **Yfirmaður gervigreindarrannsókna**
Travelshift · Reykjavík
Leiddi rannsóknateymi sem besti ferðapakka á GuideToEurope.com — „travelling thief“-verkefnið.
Teymið þróaði gagnadrifnar bestunaraðferðir fyrir ferðapakka á GuideToEurope.com. Kjarnaverkefnið var NP-erfiða „travelling thief“-verkefnið, sem sameinar bakpokaverkefnið og verkefni farandsalans. Einnig kom ég að einkaleyfisumsóknum sem byggðu á rannsóknunum.

**2021–2022** **Gagnafræðingur**
CCP Games · Reykjavík
Leiddi þróun rauntíma-tillöguvélar fyrir nýja spilara í EVE Online.
Byggði rauntíma tímaraðafitur úr frumatburðum í Kafka-straumum með TimescaleDB-viðbótinni fyrir PostgreSQL, og þróaði sérsniðna mælikvarða til að meta gæði og þátttöku í nýju tillögumódelunum.

**2016–2021** **Rannsóknasérfræðingur**
deCODE genetics · Reykjavík

Stofnandi Oxford Nanopore-teymisins; hélt uppi raðgreiningarferli sem vann úr 6 petabætum á þremur árum.
Ábyrg fyrir uppsetningu og viðhaldi greiningarferlis fyrir langar raðgreiningar. Samstarf við tilraunastofuna um verklag og við tölvudeild um breytingar á klasa- og diskaarkitektúr til að vinna úr miklu gagnamagni án gagnataps. Tók þátt í ritun rannsóknagreina með ONT-teyminu og gerði rannsóknarniðurstöður rekstursfhæfar í framleiðsluumhverfi.

**2015–2016** **SQL-ráðgjafi**
AGR Dynamics · Reykjavík
Innleiddi AGR 5, vefbundið birgðastýringarkerfi, í ERP-kerfi viðskiptavina.
AGR 5 gerir notendum kleift að sjá söluferil og búa til innkaupatillögur með tölfræðilegri spágerð. Vinnan fól í sér innleiðingu, viðhald gagnagrunna og sérsniðnar SQL-lausnir fyrir hvern viðskiptavin.

**2013–2015** **Reikniverkfræðingur, rannsóknir og þróun**
Valka (nú hluti af JBT Marel) · Kópavogur
Hannaði bútunarreiknirit fyrir fisk út frá röntgenmyndum og alhæfði beinaskynjun yfir margar tegundir.
Valka er leiðandi í tækjum og sjálfvirknilausnum fyrir fiskvinnslu. Auk bútunar- og beinaskynjunarreiknirita kom ég að þrívíðri myndgerð fiskbeina og framkvæmdi afkastamælingar og skýrslugerð.

## KENNSLA

**2024–** **IÐN302G — Upplýsingaverkfræði**
Háskóli Íslands
Grunnnámskeið um gagnagrunna, SQL, regex og gagnasögur — kennt með teymisverkefnum og jafningjamati.

**2025–** **IÐN403M — Hermun**
Háskóli Íslands
Stakræn hermun á biðraðakerfum og framleiðsluferlum, með áherslu á líkangerð út frá raunverulegum rekstrargögnum.

**2023–** **IÐN610M — Viðskiptagreind**
Háskóli Íslands
Leiðbeint nám (supervised learning), klösun og ferlagreining á raunverulegum gögnum fyrir 3. árs BS- og 1. árs MS-nema.
Verkefnadrifin kennsla með áherslu á virka þátttöku. Nemendur þróa hagnýta færni, svo sem markvissa notkun GitHub og tæknilega skýrslugerð, og fá góðan grunn í helstu aðferðum vélræns náms og notkunarsviðum þeirra.

**2011, 2012, 2024** **IÐN401G — Aðgerðagreining**
Háskóli Íslands
Eini kennari 2011 og 2012, meðkennari 2024; endurhannaði verkefni, námsmat og próf í samstarfi við Menntavísindasvið.
Í samstarfi við Guðrúnu Geirsdóttur var námskeiðið endurskipulagt frá grunni. Nýjungar í námskeiðahönnun, námsmati og dæmatímum urðu öðrum kennara í raunvísindum innblástur, og saman fengum við kennslustyrk frá Háskóla Íslands til að þróa aðferðirnar áfram.

**2007–2010** **Dæmatímakennari**
Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Háskóli Íslands
Dæmatímar og yfirferð í línulegri algebru, hermun, aðgerðagreiningu, stærðfræðigreiningu IB og tölulegri greiningu.

## STYRKIR

### Verkefnastyrkir

**2024–2026** **HiDef Textiles: bestun textílferla með gervigreind**
Rannsóknasjóður Háskóla Íslands
Verkefnisstyrkur sem tengir gervigreind, iðnaðarverkfræði, tölvunarfræði og textílhandverk.
Markmiðið er að lýðræðisvæða tækni og forritun gegnum textíl og tengja listir og vísindi. Við byggjum sjálfbæran námsvettvang til að deila bestu starfsháttum úr iðnaði, með áherslu á þátttöku kvenna í STEM.

**2024** **Nýsköpunarsjóður námsmanna**
Rannís, Nýsköpunarsjóður námsmanna
Styrkur til að uppfæra prjónavél frá tíunda áratugnum í sjálfvirka nútímavél — þrír BS-nemar í þrjá mánuði.
Hluti af HiDef Textiles. Verkefnið sameinar sjálfbæra tækni, textílnýsköpun, STEAM-menntun, gervigreind og Internet hlutanna. Í lok sumars var vélin virk og tilbúin til sýningar á ráðstefnum.

**2012** **Kennsluþróunarstyrkur**
Kennslumálasjóður Háskóla Íslands
Verkefnið *Breytt dæmatímafyrirkomulag hjá VON.*
Styrkur til að endurbæta heimadæmi í verkfræði og náttúruvísindum: einfaldara verklag sem léttir álag á kennara en veitir nemendum markvissari endurgjöf. Verkefnið var unnið í náminu *Starfendarannsóknir.*

**2009–2012** **Doktorsnemastyrkur**
Rannsóknasjóður Háskóla Íslands
Þriggja ára styrkur til doktorsnáms.

### Ferðastyrkir

**2024** **Erasmus+ ferðastyrkur fyrir háskólastarfsfólk**
ERASMUS+
Lærdómsferð til Aalborg og DTU um verkefnabundið nám og samfellu í námskrá.
Ferðin bætir kennsluaðferðir Háskóla Íslands með því að læra af verkefnabundnu námi Aalborg-háskóla og samfellu námskrár hjá Danmarks Tekniske Universitet. Samstarfið styrkir námskrá, greiðir leið nemenda úr BS í MS og eflir alþjóðleg tengsl.

**2010** **Ferðastyrkur fyrir háskólastarfsfólk**
Fundusz Stypendialny i Szkoleniowy (FSS)
Ferðastyrkur til heimsóknar í Politechnika Śląska í Gliwice, Póllandi.

**2009** **Námsstyrkur til framhaldsnáms**
Franska sendiráðið, Reykjavík
Styrkur til íslenskra nemenda í meistaranámi í Frakklandi.

## VIÐURKENNINGAR

**2015** **Tilnefning til bestu greinar**
9. alþjóðlega ráðstefnan um Learning and Intelligent Optimization (LION9)
Ein af þremur greinum sem tilnefndar voru til bestu greinar.

**2005** **Magna cum laude**
Verzlunarskóli Íslands
Þriðja efst í árganginum og viðurkenning fyrir námsárangur í stærðfræði.

## ERINDI OG FJÖLMIÐLAR

**2025** **Fyrirlestur: HiDef Textiles: Reviving Tradition with Innovation**
Reykjavík DataBeers, 25. janúar 2025
Að efla sköpun og sjálfbærni í textílframleiðslu með stafrænni umbreytingu — íslensk prjónahefð mætir nútímatækni.
Erindið sýndi hvernig HiDef Textiles-verkefnið nútímavæðir textílframleiðslu með því að sameina hefðbundnar íslenskar prjónaaðferðir og stafræn hönnunartól. Gögn og glærur eru á GitHub.

**2024** **Fjölmiðlaviðtal: Sjálfvirknivædd prjónavél í bígerð**
Morgunblaðið
Umfjöllun um þrjá nemendur sem gera prjónavél frá tíunda áratugnum sjálfvirka — hluti af HiDef Textiles.

**2024** **Fyrirlestur: Hugbúnaðargerð og mannlegi þátturinn**
Skýrslutæknifélag Íslands (SKÝ)
Um gagnsæi og samskipti milli teyma í hugbúnaðargerð, byggt á reynslu úr mörgum atvinnugreinum.

**2023** **Fyrirlestur: Pushing Boundaries: A Data-Driven Dive into Ísfólkið**
Haustráðstefna Advania, Harpa
Samspil bókmennta og gagnavísinda: innsýn úr íslenskum útgáfum og Storytel-hljóðbókum Ísfólksins.

**2023** **Fyrirlestur: The Legend of the Cat People**
6. Reykjavík Data Beers, Orkuveita Reykjavíkur
Verkfræðileg greining á Ísfólkinu (með kattamyndum). Öll gögn og kóði á GitHub.

**2022** **Panelisti: Áhrif máltækni og gervigreindar á íslenskuna**
3. ELRC-vinnustofan á Íslandi
Umræður með þróunaraðilum og notendum um stöðu og framtíð máltækni á Íslandi.

**2017–2020** **Hlaðvarpsstjórnandi: ÍSKISUR**
Alvarpið og Storytel
Las allar 47 bækur Ísfólksins eftir Margit Sandemo með tveimur vinkonum — og sá um kattahornið.

**2016–2017** **Fastagestur í hlaðvarpi: Tæknivarpið**
Hlaðvarp Kjarnans
Umræður um nýjustu tækni, allt frá iPhone og Star Wars til kynjahalla í tæknigreinum.

**2016** **Stofnvinnustofa: Samtök kvenna í vísindum (SKVÍS)**
SKVÍS
Þátttakandi í stofnvinnustofu um að auka sýnileika kvenkyns sérfræðinga í fjölmiðlum.

**2016** **Doktorsvörn: ALICE: Analysis & Learning Iterative Consecutive Executions**
Háskóli Íslands, 30. júní 2016
Andmælendur: prófessor Edmund Burke og prófessor Kate Smith-Miles.

**2010** **Gestafyrirlesari: Politechnika Śląska, Gliwice**
Erasmus+ ferðaáætlun fyrir kennara
Í boði prófessors Waldemars Grzechca; kynnti doktorsrannsóknina fyrir deild sjálfvirkni, rafeindatækni og tölvunarfræði.

**2009** **Gestafyrirlesari: Université de Valenciennes et du Hainaut-Cambrésis**
ENSIAME (nú Université Polytechnique Hauts-de-France)
Kynnti meistaraverkefnið fyrir deildinni, í samstarfi við Sylvain Lalot.

## NEFNDIR OG FÉLAGSSTÖRF

**2015, 2023–** **Fagráðsmaður, Tækniþróunarsjóður**
Rannís
Fagráð um styrkumsóknir til tækniþróunar og nýsköpunar á Íslandi.

**2018–2021** **Stjórnarmaður í starfsmannafélagi**
deCODE genetics

**2016** **Gjaldkeri starfsmannafélags**
AGR Dynamics

**2014–2015** **Gjaldkeri starfsmannafélags**
Valka

**2011–2012** **Fulltrúi doktorsnema í vísindanefnd**
Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Háskóli Íslands
Fulltrúi framhaldsnema í nefnd sem efldi rannsóknastarf og umræðu þvert á fagsvið.

**2011** **Stofnandi Arkimedes**
Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Háskóli Íslands
Félag doktorsnema og nýdoktora á verkfræði- og náttúruvísindasviði.

**2009–2011** **Stofnandi og gjaldkeri Heron**
Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Háskóli Íslands
Sameinaði óstarfhæf nemendafélög í eitt félag framhaldsnema og gætti fjármála þess.

**2009–2010** **Gjaldkeri BEST Reykjavík**
Board of European Students of Technology (BEST)
Fulltrúi á aðalfundi BEST og skipuleggjandi tveggja námskeiða fyrir 20 evrópska nemendur.

**2006–2007** **Formaður Stiguls**
Verkfræði- og náttúruvísindasvið, Háskóli Íslands
Nemendafélag stærðfræði- og eðlisfræðinema.

## RITVERK

### Ritrýndar tímaritsgreinar

**2021** **Long-read sequencing of 3,622 Icelanders provides insight into the role of structural variants in human diseases and other traits**
Doruk Beyter, **Helga Ingimundardottir**, Asmundur Oddsson, Hannes P. Eggertsson, Eythor Bjornsson, Hakon Jonsson, Bjarni A. Atlason, Snaedis Kristmundsdottir et al.
*Nature Genetics*, 53(6), pp. 779 – 786, Springer Nature, 2021

**2021** **Ratatosk: hybrid error correction of long reads enables accurate variant calling and assembly**
Guillaume Holley, Doruk Beyter, **Helga Ingimundardottir**, Peter L. Møller, Snædis Kristmundsdottir, Hannes P. Eggertsson, Bjarni V. Halldorsson
*Genome Biology*, 22(1), Springer Nature, 2021

**2018** **Discovering dispatching rules from data using imitation learning: A case study for the job-shop problem**
**Helga Ingimundardottir**, Thomas Philip Runarsson
*Journal of Scheduling*, 21(4), pp. 413 – 428, Springer Nature, 2018

**2018** **Insights into imprinting from parent-of-origin phased methylomes and transcriptomes**
Florian Zink, Droplaug N. Magnusdottir, Olafur T. Magnusson, Nicolas J. Walker, Tiffany J. Morris, Asgeir Sigurdsson, Gisli H. Halldorsson … **Helga Ingimundardottir** et al.
*Nature Genetics*, 50(11), pp. 1542 – 1552, Nature Publishing Group, 2018

**2011** **Detection of fouling in a cross-flow heat exchanger using wavelets**
Helga Ingimundardóttir, Sylvain Lalot
*Heat Transfer Engineering*, 32(3-4), pp. 349 – 357, Taylor and Francis Ltd., 2011

### Valdar greinar, endurskoðaðar og útvíkkaðar

**2026** A Scalable Matheuristic for Routing Capacity-Constrained Groundfish Surveys
**Helga Ingimundardottir**, Margret Thorsdottir, Bjarki Elvarsson, Thomas Philip Runarsson
*Learning and Intelligent Optimization. LION 2026*, Springer International Publishing, 2026, Accepted

**2016** **Evolutionary learning of linear composite dispatching rules for scheduling**
**Helga Ingimundardottir**, Thomas Philip Runarsson
*Studies in Computational Intelligence*, 620, pp. 49 – 62, Springer Verlag, 2016

### Ritrýnd ráðstefnurit

**2026** **Designing Authentic Industry-Engaged Assessment for Professional Competence in Business Intelligence**
Helga Ingimundardóttir
*Proceedings of the 22nd International CDIO Conference*, pp. 211 – 220, 2026 · Glærur

**2026** **Using Pull Requests to Make Collaboration Visible in CDIO Project-Based Courses**
Helga Ingimundardóttir
*Proceedings of the 22nd International CDIO Conference*, pp. 296 – 305, 2026 · Glærur

**2024** **Evolving Submodels for Column Generation in Cutting and Packing for Glulam Production**
**Helga Ingimundardottir**, Thomas Philip Runarsson
*2024 IEEE Congress on Evolutionary Computation (CEC)*, IEEE, 2024 · Upptaka

**2015** **Generating training data for learning linear composite dispatching rules for scheduling**
Helga Ingimundardòttir, Thomas Philip Rùnarsson
*Lecture Notes in Computer Science*, 8994, pp. 236 – 248, Springer International Publishing, 2015

2014 **Evolutionary Learning of Weighted Linear Composite Dispatching Rules for Scheduling**
**Helga Ingimundardottir**, Thomas Philip Runarsson
*International Joint Conference on Computational Intelligence*, 1, pp. 59 – 67, Science and Technology Publications, Lda, 2014

2012 **Determining the characteristic of difficult job shop scheduling instances for a heuristic solution method**
**Helga Ingimundardottir**, Thomas Philip Runarsson
*Lecture Notes in Computer Science (including subseries Lecture Notes in Artificial Intelligence and Lecture Notes in Bioinformatics)*, 7219 LNCS, pp. 408 – 412, 2012

2011 **Sampling strategies in ordinal regression for surrogate assisted evolutionary optimization**
**Helga Ingimundardottir**, Thomas Philip Runarsson
*International Conference on Intelligent Systems Design and Applications, ISDA*, pp. 1158 – 1163, 2011

2011 **Supervised learning linear priority dispatch rules for job-shop scheduling**
**Helga Ingimundardottir**, Thomas Philip Runarsson
*Lecture Notes in Computer Science (including subseries Lecture Notes in Artificial Intelligence and Lecture Notes in Bioinformatics)*, 6683 LNCS, pp. 263 – 277, 2011

**Greinar á íslensku**

2015 **Skilningur á röðunarreglum fyrir verkniðurröðun á vélum**
Helga Ingimundardóttir
*Vélabrögð*, 36, pp. 8–11, Þriðja árs véla- og iðnaðarverkfræðinemar við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands, 2015

**Ritgerðir**

2016 **ALICE: Analysis & Learning Iterative Consecutive Executions**
**Helga Ingimundardottir**
p. 265, University of Iceland, 2016

2010 **Detection of Fouling: Effectiveness Ratio Method**
**Helga Ingimundardottir**
p. 94, University of Iceland, 2010

**Málstofur og fyrirlestrar**

2016 **ALICE: Analysis & Learning Iterative Consecutive Executions**
**Helga Ingimundardottir**
*Statistics and Bioinformatics Seminar*, deCODE Genetics, Reykjavík, Iceland, 2016

2013 **Supervising Learning Linear Composite Dispatch Rules for Scheduling**
**Helga Ingimundardottir**
*ReiDok13 Symposium on Computational PhD Projects*, School of Engineering and Natural Sciences, University of Iceland, 2013

2012 **Creating Meaningful Training Data for Difficult JSSP Instances for Ordinal Regression**
**Helga Ingimundardottir**
*Seminar for Ph.D. students*, School of Engineering and Natural Sciences, University of Iceland, 2012

2012 **Determining the Characteristic of Difficult JSSP Instances for a Heuristic Solution Methods**
**Helga Ingimundardottir**
*Stats colloquium*, School of Engineering and Natural Sciences, University of Iceland, 2012

## TÆKNIKUNNÁTTA

Almenn forritun: C#, C++, Python; Töluleg reikning: MATLAB; Tölfræði: R, tidyverse; Gagnagrunnar: Microsoft SQL Server, PostgreSQL, SQLite, TimescaleDB; Bestun: Gurobi, GLPK; Skriftun og verkfæri: awk, grep, sed, make, git, Quarto

## TUNGUMÁL

Íslenska (móðurmál) · Enska (reiprennandi) · Danska (samtalshæfni) · Franska (samtalshæfni)

## ÁHUGAMÁL

**Fagleg:** leitniaðferðir, gervigreind, þróunarreikningar, altæk bestun, tölfræðilegt nám, vélrænt nám, stórgögn, sjálfvirknivæðing, gagnamyndræn framsetning og raunveruleg notkun
**Persónuleg:** prjón, fatasaumur, handverk, garðyrkja, hlaðvörp, internetkettir og rússnesk blá